

Reykjavík 17. febrúar 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum. (Þingskjal 284 – 259. mál)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi þar sem lagt er til að hin almenna vinnuvika styttest um 5 klukkustundir, úr 40 í 35.

Barnaheill telja þetta geta verið heillaskref fyrir börn á Íslandi því stytting vinnutíma getur haft í för með sér aukna samveru foreldra með börnum sínum og jafnframt minna álag og minni streitu hjá foreldrum sem vonandi hefur góð áhrif á líf og uppeldisskilyrði barna til batnaðar. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er góð forvörn gegn ýmsum áhættuþáttum barna og unglinga.

Barnaheill taka undir innsendar umsagnir Mannréttindaskrifstofu Íslands og umboðsmanns barna sem báðar hvetja til þess að frumvarp þetta verði samþykkt sem lög.

Í frumvarpinu er ekki að finna umfjöllun um áhrif breytinganna á börnin í samfélaginu. Barnaheill minna á að samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt til bestu mögulegu lífsskilyrða og verður að telja að markmið frumvarpsins, að auka markvisst framleiðni og lífsgæði launþega á Íslandi, hljóti að leiða til þess að lífsgæði barna batni að sama skapi. Nú þegar geðheilbrigðismál barna eru ofarlega í umræðunni og mikilvægt er að bæta verulega þjónustu við börn í vanda, hlýtur þetta skref að vera til heilla fyrir samfélagið allt. Ef foreldrum verður gert kleift að vinna styttri vinnuviku á sömu launum ætti það að leiða til aukinnar samveru fjölskyldna og vonandi betri líðanar barna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög, öllum börnum á Íslandi til heilla.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri